

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 30. júní 2006 í máli nr. S-514/2006:

Ákærvaldið

(Sigurður Tómas Magnússon settur ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Ásgeiri Jóhannessyni

Tryggva Jónssyni

Jóni Gerald Sullenberger

Með ákæru, dagsettri 31. mars sl., höfðaði settur ríkissaksóknari samkvæmt umboðsskrá opinbert mál á hendur þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kt. 270168-4509,

Laufásvegi 69, Reykjavík, Tryggva Jónssyni, kt. 140755-2739, Vesturhúsum 22, Reykjavík og Jóni Gerald Sullenberger, kt. 240664-2089, 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida, USA.

Ákærðu eru gefin að sök brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, laga um bókhald og hlutafélög á árunum 1998 til 2002, samkvæmt málavaxtalýsingum í ákærunni. Þar segir að brot ákærðu hafi tengst rekstri Baugs hf. sem stofnað var 1. júlí 1998. Hlutabréf félagsins voru skráð á aðallista Verðbréfaþings Íslands 28. apríl 1999 en afskráð af þeim lista 11. júlí 2003. Félagið var á þeim tíma almenningshlutafélag með dreifða eignaraðild.

Málið var þingfest 27. apríl sl. og kröfðust ákærðu þess þá að því yrði vísað frá dómi. Í þinghaldi 23. maí sl. létu verjendur ákærðu bóka um grundvöll frá vísunarkrafnaða og í sama þinghaldi vakti dómariinn athygli á því að vera kynni að I. kafli ákærunnar væri ekki svo glöggur sem vera skyldi og gaf sakflytjendum kost á að tjá sig um það atriði, sbr. 4. mgr. 122. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Settur ríkissaksóknari krefst þess að frávísunarkröfunum verði hafnað. Þá telur hann enga þá meinbugi vera á I. kafla ákærunnar er varða kunní frávísun.

Málið var flutt um frávísunarkröfurnar 21. og 22. júní sl.

II

Forsaga þessa máls er sú að í lok ágúst 2002 gaf ákærði, Jón Gerald Sullenberger, sig fram við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og gaf skýrslu um atvik, sem hann taldi kunna varða við lög, eins og segir í lögregluskýrslu sem tekin var af honum. Í skýrslunni skýrði hann frá viðskiptum sínum við ákærðu, Jón Ásgeir og Tryggva, og aðra sem tengdust rekstri Baugs hf. Á grundvelli framburðar Jóns Gerald og gagna frá honum var krafist dómsúrskurðar 28. ágúst sama ár, er heimilaði leit í húsnæði fyrirtækjanna Aðfanga hf. og Baugs hf. og jafnframt til að handtaka framangreinda Jón Ásgeir og Tryggva. Héraðsdómur Reykjavíkur heimilaði leit þennan sama dag og við leitina var lagt hald á mikinn fjölda gagna. Þá var Tryggvi handtekinn og hafður í haldi lögreglu þar til síðdegis næsta dag. Jón Ásgeir var erlendis.

Rannsókn lögreglu hélt áfram næstu árin og teygði anga sína víða um lönd. Henni lauk með því að ríkislögreglustjóri gaf út ákæru 1. júlí 2005 og var málið þingfest 17. ágúst. Héraðsdómur taldi vera annmarka á málinu, er væru þess eðlis að varða kynni frávisun. Var sakflytjendum gefinn kostur á að flytja málið varðandi þau atriði 13. september og með úrskurði 20. sama mánaðar vísaði héraðsdómur málinu frá dómi. Ríkislögreglustjóri kærði úrskurðinn til Hæstaréttar og með dómi hans 10. október var fyrstu 32 ákæruliðunum vísað frá dómi. Dómur féll í héraði 15. mars sl. um þá ákæruliði sem eftir stóðu og voru allir ákærðu sýknaðir, en auk ákærðu, Jóns Ásgeirs og Tryggva, voru fjórir aðrir ákærðir sem ekki eru ákærðir í þessu máli. Ákærði, Jón Gerald, var ekki ákærður í málinu, en kom fyrir dóm sem vitni.

Eftir að Hæstiréttur hafði vísað meginhluta ákæru ríkislögreglustjóra frá dómi afhenti hann málið ríkissaksóknara sem ákvað að “taka til athugunar þau gögn málsins sem lágu að baki ákæruliðunum 32 til þess að ganga úr skugga um hvort efni væri til þess að höfða mál að nýju á grundvelli þeirra gagna, sbr. 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.” Skömmu síðar kom í ljós að ríkissaksóknari taldi sig ekki bærán til að stýra þessari athugun og sagði sig frá málinu. Sigurður Tómas Magnússon lögfræðingur var settur ríkissaksóknari 21. október 2005 til að fara með málið og gaf hann út ákæruna í því 31. mars sl. Hann flutti einnig það sem eftir stóð af fyrra málinu og dæmt var 15. mars sl.

III

Ákærðu, Jón Ásgeir og Tryggvi, byggja frávisunarkröfur sínar á eftirfarandi: “Í fyrsta lagi með vísan til 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Engin ákvæði eru í íslenskri löggjöf um endurútgáfu ákæru í kjölfar frávisunar máls, sbr. 1. mgr.

Brotið var gegn meginreglu 1. mgr. um jafnræði aðila í aðdraganda útgáfu nýrrar ákæru.

Reglur um málshraða skv. 1. mgr. hafa ekki verið virtar.

Afskipti sérstaks saksóknara af skipan dóms eru sérstakt brot á 1. mgr. um sjálfstæði dómstóla.

Afskipti Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, af málinu eru ósamrýmanleg réttindum sakborninga, skv. 2. mgr.

Sönnunarfærsla ákærvalds er andstæð a og b lið 3. mgr.

Í öðru lagi með vísan til þess að grundvelli máls hefur verið raskað í nýrri ákæru.

Bætt hefur verið við nýjum sakborningi.

Lýsingum staðreynda hefur verið breytt.

Heimfærsla til refsíákvæða hefur breyst.

Í þriðja lagi með vísan til verulegra galla á rannsókn máls.

Rannsókn, sem lá að baki ákæru í málinu S-1026/2005, uppfyllti ekki skilyrði laga um meðferð opinberra mála.

Rannsókn var ekki lokið þegar ákæra var gefin út.

Einstakar sakargiftir voru ekki bornar undir ákærðu

Sérstakur saksóknari lagði ekki sjálfstætt mat á rannsóknina.”

Ákærðu byggja kröfu sína um frávísun í fyrsta lagi á því að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu hafi ekki verið virt eins og rakið var. Í lögum um meðferð opinberra mála er ekki sérstakt ákvæði sem fjallar um þau tilvik er dómstólar vísa ákærum frá dómi. Í lokamálslið 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er þó gert ráð fyrir að til slíks geti komið og hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir fyrningu sakamáls, eins og þar greinir. Þótt beinu lagaákvæði sé ekki fyrir að fara sem heimili ákærvaldi að ákæra að nýju þegar fyrri ákæru hefur verið vísað frá dómi gerir þó framangreint hegningarlagaákvæði ráð fyrir að svo sé og hafa dómstólar lengi litið svo á að það væri heimilt að íslenskum lögum. Verður hér að hafa í huga fyrirmæli 111. gr. laga um meðferð opinberra mála sem mælir fyrir um að sérhver refsiverður verknaður skuli sæta ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Þessari reglu er síðan fylgt eftir með reglu 112. gr. sömu laga um skyldu ákærandra til að ákæra sakaðan mann, telji hann skilyrði til þess.

Á grundvelli rannsóknar máls, sem hófst í lok ágúst 2002, var gefin út ákæra 1. júlí 2005. Meginhluta þeirrar ákæru vísaði Hæstiréttur frá héraðsdómi með dómi 10. október sama ár. Ástæða frávísunarinnar var sú að ákærusmíðin var ekki í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Með vísun til þess, sem

sagði hér að framan, hafði ákærvaldið heimild til þess að gefa út nýja ákæru og verður málinu ekki vísað frá dómi af þeirri ástæðu að í lögum um meðferð opinberra mála er ekki bein heimild til útgáfu hennar.

Í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir meðal annars að öllum beri réttur til að fá úrlausn um ákæru á hendur sér innan hæfilegs tíma. Jafnvel þótt dómstólar litu svo á að ákærandi hafi ekki virt þessa reglu og dregið óhæfilega að ákæra þá geta þeir ekki vísað máli frá sér af þeim sökum einum. Í þessu máli er því hins vegar ekki til að dreifa þar eð ákært var að nýju tæpum sex mánuðum eftir frávísun fyrri ákærunnar og er það innan hæfilegs tíma. Á sama hátt getur það ekki varðað frávísun máls frá dómi þótt rannsókn þess kunni að hafa dregist. Það kann hins vegar að hafa áhrif á ákvörðun refsingar, komi til sakfellingar.

Þegar ákæra hafði verið gefin út í málinu var hún send Héraðsdómi Reykjavíkur ásamt rannsóknargögnum og skrá yfir vitni sem ákærandinn hyggst leiða við aðalmeðferð málsins, sbr. 2. mgr. 119. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hvort þessi listi er endanlegur eða ekki ræðst m.a. af því hvort málinu verður vísað frá dómi að einhverju leyti. Það getur ekki varðað frávísun þótt gerð vitnalista kunni að einhverju leyti að vera aðfinnsluverð. Úr því má bæta undir rekstri málsins, sbr. 4. mgr. 122. gr. laganna, en ekkert er fram komið um að svo sé. Þá varðar fjöldi málsskjala ekki frávísun, enda ber að veita ákærðu nægan tíma til að undirbúa vörn sína, sbr. 2. mgr. 128. gr. laganna.

Af hálfu ákærðu er því haldið fram að settur ríkissaksóknari hafi haft afskipti af skipun dóms í málinu. Í gögnum málsins eru bréfaskipti hans og dómstjórans þar sem fram kemur að saksóknarinn tjáði dómstjóranum fyrir útgáfu ákærunnar að dómsforsetinn í málinu sem dæmt var 15. mars sl. væri tengdur endurskoðanda fjöl skylduböndum, en hann hefði unnið að rannsókn málsins fyrir ákærvaldið. Verjendur ákærðu kröfðust þess að settur ríkissaksóknari og dómstjórinn yrðu kvaddir fyrir dóminn til að bera nánar um þetta. Þessu var hafnað með úrskurði 12. júní sl. sem staðfestur var af Hæstarétti 14. sama mánaðar. Í dómi Hæstaréttar segir: “Jafnvel þótt varnaraðilar teldu að skýrslur vitnanna, sem þeir óska eftir, gætu leitt í ljós frekari atriði í þessu sambandi, gætu röksemdir, sem á þessu væru reistar, ekki orðið til þess að málinu yrði vísað frá dómi.” Það hefur því verið dæmt af Hæstarétti að þetta atriði varðar ekki frávísun og þarflaust að fjalla frekar um það.

Daginn eftir að Hæstiréttur hafði vísað meginhluta fyrri ákærunnar frá dómi bað ríkislögreglustjóri, er farið hafði með málið og ákært í því, ríkissaksóknara að taka til athugunar þau atriði ákærunnar er vísað hafði verið frá. Tveimur dögum síðar tilkynnti ríkissaksóknari dómsmálaráðherra að hann væri ekki bær til að annast þessa athugun, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um meðferð opinberra mála. 21. október sl. setti dómsmálaráðherra Sigurð Tómas Magnússon lögfræðing til að fara með málið “og taka sem ríkissaksóknari allar þær ákvarðanir sem máli þessu tengjast þar með talið að fara með heimildir ríkissaksóknara varðandi þau ákæruefni sem eftir standa” af ákæru ríkislögreglustjóra. Hinn setti ríkissaksóknari er þannig æðsti handhafi ákærvalds við meðferð þessa máls, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála. Afskipti þau sem dómsmálaráðherra getur haft af störfum hans takmarkast af 26. gr. laganna. Af þessu leiðir að orð og gerðir dómsmálaráðherra, hvort sem er í eigin nafni eða ráðuneytisins, geta á engan hátt valdið vanhæfi setts ríkissaksóknara. Hér er og til þess að líta að með dómi 9. janúar sl.

komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að dómsmálaráðherra hefði verið hæfur til að setja nefndan lögfræðing ríkissaksóknara í málinu.

Í öðru lagi byggja ákærðu á því að grundvelli málsins hafi verið raskað í nýrri ákæru. Hæstiréttur vísaði meginhluta ákærunnar frá 1. júlí 2005 frá héraðsdómi með dómi sínum 10. október sl. Ástæðan var sú að ákæran uppfyllti ekki ákvæði laga um meðferð opinberra mála og hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ákæruvaldinu hafi verið heimilt að ákæra að nýju. Í frávísuninni fólst að ákæran er ónýt og ákæruvaldið verður að hefjast handa á nýjan leik. Það er hins vegar á engan hátt bundið af fyrri ákærunni sem hefur ekkert gildi lengur. Ákæruvaldið getur samið nýja ákæru á grundvelli sömu rannsóknargagna og gamla ákæran var byggð á eða rannsakað málið betur og bætt við sakargiftum eða fallið frá að ákæra fyrir atríði sem ákært var fyrir. Á sama hátt getur það ákært aðra en ákærðir voru í fyrri ákæru. Í þessu máli stendur þannig á að þrír eru ákærðir, tveir sem voru ákærðir í fyrra máli og einn sem var vitni í því. Þá voru fjórir ákærðir í fyrra máli sem ekki eru ákærðir nú. Ákæruliðir eru ekki orðaðir á sama hátt og fyrr og ætluð brot eru að einhverju leyti færð til annarra refsíákvæða. Vegna þess að fyrri ákæran er ónýt er ákæruvaldinu heimilt að gera þetta, enda er nýtt mál lagt fyrir dómstólinn þótt byggt sé að langmestu leyti á sömu rannsókn og eldra málið.

Loks byggja ákærðu á því að verulegir gallar séu á rannsókn málsins. Hafa þeir tiltekið fjögur atríði sem rakin eru hér að framan. Samkvæmt 112. gr. laganna um meðferð opinberra mála skal ákærandi, þegar hann hefur fengið gögn máls í hendur, ganga úr skugga um hvort rannsókn þess sé lokið. Að þeirri athugun lokinni ber honum annaðhvort að láta rannsaka málið betur, telji hann þörf á því, eða taka til athugunar hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Það er þannig ákærandinn sem metur það hvort rannsókn sé fullnægjandi eða ekki til að hægt sé að semja ákæru og leggja málið fyrir dóm. Eftir að ákæra hefur verið gefin út hvílir sú skylda á dómara að kanna hvort einhverjir þeir gallar séu á málatilbúnaði ákæruvaldsins að varðað gætu frávísun, sbr. 3. mgr. 119. gr. laganna. Þessi athugun, jafnvel þótt hún leiddi í ljós galla og hvort sem ákæruvaldið bætti úr þeim eða ekki, bindur ekki hendur dómarans. Hann getur hvenær sem er eftir þingfestingu vísað máli frá dómi, þótt engin krafa komi fram um það, ef hann telur svo bersýnilega annmarka vera á málinu að ekki verði úr þeim bætt undir rekstri þess, sbr. 4. mgr. 122. gr. laganna.

Settur ríkissaksóknari hefur metið gögn málsins samkvæmt nefndri lagagrein, lokið rannsókn þess og tekið ákvörðun um útgáfu ákæru. Meðferð málsins hingað til hefur ekki leitt í ljós neina þá meinbugi á lögreglurannsókn þess að varðað gætu frávísun af þeim sökum. Það girðir hins vegar ekki fyrir að til frávísunar geti komið á síðari stigum, komi eitthvað í ljós við meðferð málsins fyrir dómi sem ekki verði bætt úr, sbr. tilvitnað ákvæði.

Samkvæmt framanrituðu verður ekki orðið við kröfu ákærðu, Jóns Ásgeirs og Tryggva, um að vísa málinu frá dómi.

Ákærði, Jón Gerald Sullenberger, byggir frávísunarkröfu sína á því að sak sóknari við embætti ríkislögreglustjóra hafi með bréfum 14. október og 20. desember 2005 lýst því yfir að ákvörðun hafi verið tekin um að gefa ekki út ákæru á hendur ákærða. Ákvörðunin byggðist á því mati ákærvaldsins að það, sem hefði komið fram við rannsókn málsins um hlut hans, væri ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis og var vísað í því sambandi til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Saksóknarinn hafi lýst því sama yfir við aðalmeðferð málsins sem dæmt var 15. mars sl. Ekki verði séð að ný sönnunargögn hafi komið fram eftir að rannsókn lauk og framangreindar yfirlýsingar voru gefnar.

Framangreind bréf hafa verið lögð fyrir dóminn. Hvorugt þeirra er stílað á ákærða, Jón Gerald, heldur er hið fyrra sent verjanda ákærða, Jóns Ásgeirs, og hið síðara honum og öðrum lögmanni, er var verjandi eins þeirra er sýknaðir voru með dómnum 15. mars sl. Bréfin eru svör við fyrirspurnum verjendanna til ríkislög reglustjóra um af hverju ákærði, Jón Gerald, hafi ekki verið ákærður í ákærinni 1. júlí 2005. Í báðum bréfunum er vísað til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og greint frá því mati “ákærvalds að það sem fram hefði komið við rannsókn málsins um hlut hans í málinu væri ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Við þetta mat var litið til allra gagna málsins og á grundvelli þeirra varð niðurstaðan sú að framlögð gögn gerðu það ekki líklegt að háttsemi Jóns Gerald Sullenberger yrði lögð að jöfnu við háttsemi skjólstaðinga ykkar, ...” Þá er því ómótmælt af hálfu ákærvaldsins að við aðalmeðferð málsins sem dæmt var 15. mars sl. hafi nefndur saksóknari borið á sama hátt og fram kemur í bréfunum.

Eins og fram kom hér að framan var upphaf málsins að ákærði, Jón Gerald, sneri sér til ríkislögreglustjóra í ágúst 2002 og var þá tekin af honum skýrsla. Við þessa skýrslutöku, og allar skýrslutökur hjá lögreglu eftir það, hafði ákærði stöðu vitnis. Svo var og við aðalmeðferð málsins sem dæmt var 15. mars sl., en þó var athygli hans þá í einstaka tilvikum vakin á ákvæðum 51. gr. laga um meðferð opinberra mála. Það er fyrst eftir að settur ríkissaksóknari tekur við málinu að ákærði hefur stöðu grunaðs manns við yfirheyrslu hjá lögreglu. Þegar af þessari ástæðu eiga ákvæði 3. mgr. 76. gr. laganna um meðferð opinberra mála ekki við hér. Af sömu ástæðu er ekki hægt að líta á framangreind bréf og framburð saksóknarans sem tilkynningu um að fallið hafi verið frá saksókn, sbr. 1. mgr. 114. gr. laganna, enda hafði ákærði ekki haft stöðu sakbornings og þessum tilkynningum var ekki beint til hans. Ákærvaldið hefur þannig hvorki fellt niður mál á hendur ákærða, sbr. 112. gr. laganna, né fallið frá saksókn á hendur honum, sbr. 113. gr., og standa því ákvæði laga um meðferð opinberra mála ekki í vegi að settur ríkissak sóknari ákæri hann. Kröfu ákærða um frávísun er því hafnað.

V

I. kafli ákærunnar er svohljóðandi: “**I. kafli. Auðgunarbrot í tengslum við viðskipti með hlutafé tveggja hlutafélaga með nafninu Vöruveltan á árunum 1998 og 1999.**

1. Ákærða Jóni Ásgeiri eru aðallega gefin að sök fjársvik, en til vara umboðssvik, með því að hafa við sölu á 70% hlutafjár í Vöruveltunni hf., kt. 611298-5529, (áður Klukkubúðirnar hf.), eiganda reksturs verslana 10-11, til Baugs hf., 21. maí 1999, fyrir samtals kr. 1.037.000.000, sem svarar til kr. 1.481.428.600 heildarverðmætis hlutafjár félagsins, beitt stjórn Baugs hf. blekkingum í auðgunarskyni með því að leyna því að hann væri raunverulegur seljandi hlutafjárins ásamt Fjárfari ehf. og umráðamaður og stjórnandi Fjárfars ehf. Jafnframt með því að vekja hjá stjórn Baugs hf. þá hugmynd að seljandi hlutafjárins ásamt Fjárfari ehf. væri Helga Gísladóttir en ákærði hafði keypt allt hlutafé Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, af Helgu 7. október 1998 fyrir kr. 1.150.000.000 og var enn eigandi 25% hlutafjárins en Fjárfar ehf. eigandi 45,2% þess. Allt hlutafé Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, sem rak verslanir 10-11, var lagt fram sem hlutafé Klukkubúðanna hf. við stofnun þess félags 4. desember 1998. Með þessum blekkingum fékk ákærði samþykki stjórnar félagsins, á stjórnarfundum 20. maí 1999, til að ganga frá kaupum á hlutafénu á verði sem hann taldi stjórninni trú um að væri niðurstaða samninga við ótengda seljendur en var í raun ákvarðað af honum einum.

Ákærði hafði áður selt 29,8% hlutafjár Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, en eftir að Baugur hf. hafði eignast það hlutafé 7. júlí 1999 hafði félagið greitt samtals kr. 1.474.297.818 fyrir rekstur verslana 10-11. Þegar ákærði hins vegar keypti allt hlutafé Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, 7. október 1998, voru auk reksturs verslana 10-11 í eigu þess félags fasteignir sem ákærði lét afsala til Litla Fasteignafélagsins ehf. í desember 1998 og lét svo selja til Fasteignafélagsins Stoða hf. 1. júní 1999 með um það bil 140 milljóna króna ágóða sem rann til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.

Baugur hf. galt samtals um 325 milljónum kr. hærra verð fyrir hlutafé Vöruveltunnar hf., kt. 611298-5529, en það sem ákærði galt fyrir hlutafé Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, og telst það tjón Baugs hf. Þeir sem auðguðust á þessum blekkingum voru auk ákærða sjálfs, Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf., sem var á árunum 1998 og 1999 í eigu ákærða, föður hans og systur og Fjárfar ehf., sem var undir stjórn og umráðum ákærða. Auðgun þessara aðila nam að minnsta kosti 200 milljónum kr. og var því talsvert minni en tjón Baugs hf. þar sem ákærði hafði umtalsverðan kostnað af kaupum og sölu hlutafjárins og því að leyna eignarhaldi sínu og tengslum við Litla fasteignafélagið ehf. og Fjárfar ehf.

Brot ákærða átti sér rúmlega sjö mánaða aðdraganda og var gert mögulegt með þeim löggæringum sem hér greinir:

Með kaupsamningi, dagsettum 7. október 1998, keypti ákærði af Helgu Gísladóttur allt hlutafé í Vöruveltunni hf., kt. 511091-1369, fyrir samtals kr. 1.150.000.000. Í kaupsamningi kom fram að ákærði keypti hlutaféð fyrir hönd ótilgreindra

kaupenda. Kaupverðið skyldi greiða með kr. 200.000.000 hinn 8. október 1998, kr. 800.000.000 5. nóvember 1998 og kr. 150.000.000 á gjalddaga víxils 1. mars 1999. Afhending skyldi fara fram 5. nóvember 1998 og gekk það eftir.

Ákærði lét afhenda sér án heimildar kr. 200.000.000 frá Baugi-Aðföngum ehf. hinn 8. október 1998 til að standa skil á fyrstu greiðslu samkvæmt kaupsamningnum en þá fjármuni endurgreiddi hann í tvennu lagi, 4. og 21. desember 1998.

Ákærði fékk Tryggva Jónsson til að fá Sigfús R. Sigfússon og Arnfinn Sævar Jónsson til þess að þess að skrá sig sem stofnendur einkahlutafélagsins Fjárfars í nóvember 1998. Ákærði fór frá upphafi með félagið sem eign sína.

Þrátt fyrir að ákærði hafi með kaupsamningi 7. október 1998 eignast öll hlutabréf í Vöruveltunni hf., kt. 511091-1369, var látið líta svo út að Helga Gísladóttir ætti félagið enn að fullu þegar samið var við Íslandsbanka hf. hinn 10. nóvember 1998 um að fá fagfjárfesta að félaginu. Íslandsbanki hf. hafði milligöngu um sölu á 35% hlut í Vöruveltunni hf. til Fjárfars ehf. fyrir kr. 450.000.000 og 35% hlut til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans hf. fyrir kr. 490.000.000 en auk þess keypti bankinn sjálfur 5% hlut fyrir kr. 57.500.000.

Til að fjármagna greiðslu á þeim kr. 800.000.000, sem ákærða bar að greiða Helgu 5. nóvember 1998, lét ákærði Fjárfar ehf. taka lán í Íslandsbanka hf. 16. nóvember 1998 að fjárhæð kr. 451.000.000 en af lánsfjárhæðinni runnu kr. 450.000.000 til Helgu Gísladóttur. Eftirstöðvar af kr. 800.000.000, eða kr. 350.000.000, voru greiddar með andvirði láns að fjárhæð kr. 351.777.778, þar af voru kr. 1.777.778 vextir til Helgu Gísladóttur. Lán þetta var veitt í samræmi við samning 10. nóvember 1998 og endurgreitt við sölu 35% eignarhlutar í Vöruveltunni hf., kt. 511091-1369, til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans hf. og 5% hlutar til Íslandsbanka hf., sbr. uppgjör Íslandsbanka hf., dagsett 4. desember 1998. Samkvæmt uppgjörinu dróst frá söluverði, kr. 547.500.000, niðurgreiðsla láns kr. 351.777.778, vextir af láni kr. 2.366.194,14 og þóknun til handa Íslandsbanka „v/umsjónar, sölu og skráningar félagsins á VÞÍ” kr. 77.000.000, eða samtals kr. 431.143.972,14. Eftirstöðvarnar kr. 116.356.027,86 greiddi Íslandsbanki hf. með útgáfu bankatékka sem stílaður var á Eirík Sigurðsson og hann framseldi og lagði inn á bankareikning Baugs-Aðfanga hf.

Eftirstöðvar kaupverðs hlutafjár Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, átti ákærði að greiða á gjalddaga víxils, að fjárhæð kr. 150.000.000, hinn 1. mars 1999. Vixill þessi, sem var gefinn út af Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. og samþykktur til greiðslu af ákærða Jóni Ásgeiri f.h. Eignarhaldsfélagsins Gaums hf. 16. nóvember 1998, var ekki greiddur en samningsskyldan efnd 3. nóvember 1999 með

afhendingu á hlutafé í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 en að markaðsvirði u.þ.b. kr. 162.000.000.

Í desember 1998 seldi Vöruveltan hf., kt. 511091-1369, allar fasteignir félagsins til Litla fasteignafélagsins ehf., kt. 611298-2779, sem ákærði fékk Grétar Haraldsson og sambýliskonu hans, Solveigu Theodórsdóttur, til að stofna 10. desember 1998 en ákærði hafði umráð yfir frá upphafi. Kaupverð fasteignanna var samtals kr. 217.100.000 og var það eingöngu greitt með yfirtöku áhvílandi skuldbindinga. Litla fasteignafélagið ehf. seldi Fasteignafélaginu Stoðum hf. þessar sömu fasteignir 1. júní 1999 fyrir kr. 357.204.000 sem var kr. 140.104.000 hærra verð en félagið keypti þær á. Greiðslurnar runnu inn á bankareikning í eigu Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Það félag keypti allt hlutafé í Litla fasteignafélaginu ehf. af Grétari og Solveigu á nafnvirði kr. 500.000 á árinu 1999. Litla fasteignafélagið ehf. var sameinað Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. í árslok 1999. Umræddur hagnaður endaði þannig hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. greiddi hins vegar afborganir af kr. 100.000.000 láni sem ákærði tók, ásamt Þorsteini Jónssyni, 21. desember 1998 til endurgreiðslu á síðari hluta þeirra kr. 200.000.000 sem ákærði fékk hjá Baugi-Aðföngum ehf. 8. október 1998.

Klukkubúðir hf., kt. 611298-5529, voru stofnaðar 4. desember 1998. Skráðir stofn endur voru Fjárfar ehf. og Helga Gísladóttir og var hlutafé Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, lagt fram sem hlutafé. Nafni Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, var breytt í Tíu ellefu hf. 23. desember 1998 og sama dag var nafni Klukkubúðanna hf., kt. 611298-5529, breytt í Vöruveltuna hf. Í árslok 1998 var hlutafé Klukkubúðanna hf. að nafnvirði kr. 300.000.000 og voru skráðir eigendur Fjárfar ehf. með 35%, Eignarhaldsfélag Alþýðubankans hf. og aðilar á þess vegum með 35%, Helga Gísladóttir með 25% og Íslandsbanki hf. með 5%. Þá var eina raunverulega eign Vöruveltunnar hf., kt. 611298-5529, allt hlutafé í Tíu ellefu hf.

Eignarhaldsfélag Alþýðubankans hf., og aðilar á þess vegum, seldu 35% hlut sinn í Vöruveltunni hf., kt. 511091-1369, 27. apríl 1999 fyrir kr. 563.500.000. Kaupþing hf. keypti 12,4% hlutafjárins fyrir kr. 200.000.000 krónur, Íslandsbanki hf. 12,4% fyrir kr. 200.000.000 kr. og Fjárfar ehf. 10,2% fyrir kr. 163.500.000.

Með kaupsamningi, dagsettum 21. maí 1999, keypti Baugur hf. 70% hlutafjár Vöruveltunnar hf., kt. 611298-5529, fyrir kr. 1.037.000.000 en í raun var hið keypta 70,2% hlutafjárins. Við undirritun samnings skyldi kaupandi greiða kr. 225.000.000. Þá skyldi kaupandi gefa út skuldabréf að fjárhæð kr. 162.000.000 og auk þess afhenda hlutafé í Baugi hf. að nafnvirði kr. 65.000.000, sem metið var á kr. 650.000.000. Kaupverð umrædds hlutafjár svarar til kr. 1.481.428.600 heildarverðmætis hlutafjár Vöruveltunnar hf., kt. 611298-5529, Seljendur voru sagðir Helga Gísladóttir og Fjárfar ehf.

Greiðslum Baugs hf. samkvæmt kaupsamningnum var ráðstafað þannig að af kr. 225.000.000 útborgunargreiðslu höfðu kr. 163.500.000 verið greiddar til Íslandsbanka hf. 14. maí 1998 sem greiðsla Fjárfars ehf. á 10,2% hlut í Vöruveltunni hf. Þá hafði ákærði látið afhenda sér tékka, útgefinn 19. maí 1999, að fjárhæð kr. 25.000.000, stílaðan á handhafa. Andvirði tékkans lagði ákærði inn á reikning sinn í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 20. maí 1999 og ráðstafaði í eigin þágu. Loks ráðstafaði ákærði kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. og var sú greiðsla innt af hendi með tékka útgefnum 8. júní 1999. Að undirlagi ákærða voru þessar þrjár greiðslur ranglega færðar í bókhaldi Baugs hf. sem greiðslur til Helgu Gísladóttur.

Ekki kom til útgáfu skuldabréfs að fjárhæð kr. 162.000.000 sem gert var ráð fyrir í kaupsamningi dagsettum 21. maí 1999. Helga Gísladóttir fékk hins vegar afhent hlutabréf í Baugi hf., að nafnvirði kr. 16.200.000 en að markaðsvirði kr. 162.000.000, sem ráðstafað var út af fjárvörslureikningi Baugs hf. hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hinn 3. nóvember 1999. Með þessari afhendingu var ákærði að efna síðasta lið kaupsamningsins við Helgu frá 7. október 1998. Hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 65.000.000, en að markaðsverði kr. 650.000.000, voru afhent Fjárfari ehf. að afstaðinni hlutafjárukningu í Baugi hf. sem samþykkt var 24. júní 1999.

Baugur hf. keypti 12,4% eignarhlut Kaupþings hf. í Vöruveltunni hf. 30. júní 1999 fyrir kr. 200.000.018 og 12,4% eignarhlut Íslandsbanka hf. fyrir hlutafé í Baugi hf. að nafnvirði kr. 17.500.000 en að verðmæti kr. 175.000.000. Íslandsbanki hf. seldi síðan Tíu ellefu hf. 5% hlut í Vöruveltunni hf. 7. júlí 1999 á kr. 62.297.800, en Tíu ellefu hf. var þá komið í eigu Baugs hf. Samtals hafði Baugur hf. og félag í þess eigu því bókfært kr. 1.474.297.818 sem kaupverð fyrir rekstur 10-11 verslananna en þann rekstur, ásamt fasteignum sem Litla Fasteignafélagið ehf. hagnaðist um 140 milljónir króna á, hafði ákærði keypt án vitundar stjórnar Baugs hf. fyrir samtals kr. 1.150.000.000.

Auk framangreindra ráðstafana gerði ákærði samning við Helgu Gísladóttur, dagsettan 5. júní 1999, þar sem fram kom að hún seldi honum 25% hlutafjáreign sína í Vöruveltunni hf. fyrir kr. 297.500.000. Tekið var fram að kr. 287.500.000 væru þegar greiddar en kaupandi skyldi auk þess afhenda hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 5.000.000 í ágúst 1999 og að nafnvirði kr. 5.000.000 í október 2000. Með þessum samningi var látið líta svo út sem ákærði væri að kaupa 25% af hlutafé Vöruveltunnar hf. sem hann hafði þegar keypt 7. október 1998 og selt Baugi 21. maí 1999. Í þessum samningi fólst hins vegar að heildarkaupverð ákærða á hlutafé Vöruveltunnar hf., sem verið hafði í eigu Helgu Gísladóttur, var hækkað um kr. 100.000.000 frá samningnum 7. október 1998.

Til vara eru ákærða Jóni Ásgeiri gefin að sök umboðssvik með því að hafa með framangreindri háttsemi misnotað aðstöðu sína sem forstjóri Baugs hf. og komið því til leiðar að stjórn Baugs hf. veitti honum umboð til að binda Baug hf. við kaup á 70,2% hlutafjár Vöruveltunnar hf. en með þessari misnotkun á aðstöðu auðgaðist ákærði, Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. og Fjárfar ehf. á kostnað Baugs hf. eins og að framan er nánar lýst.

Með því að fá þau Helgu Gísladóttur, Eirík Sigurðsson, Sigfús R. Sigfússon, Arnfinn Sævar Jónsson, Grétar Haraldsson og Solveigu Theodórsdóttur til að undirrita fjölda gerninga og koma fram í nafni Fjárfars ehf., Litla Fasteignafélagsins ehf. og beggja Vöruveltufélaganna dró ákærði Jón Ásgeir dul á persónulega aðild sína að viðskiptum þessara félaga.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs telst aðallega varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 249. gr. sömu laga.”

Samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga varðar það mann refsingu að koma öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmetan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hafa þannig fé af honum. Í framangreindum ákærulið er lýst viðskiptum með hlutfé í tiltekinni verslanakeðju sem virðast hafa hafist 7. október 1998 með því að ákærði keypti allt hlutfé í tilteknu félagi fyrir tilgreint verð. Í langri greinargerð, sem kemur á eftir hinum eiginlega ákærulið, er lýst margvíslegum viðskiptum með hlutféð og að hluta til með fasteignir, eins og rakið var. Af ákærinni verður ráðið að þessu viðskiptaferli hafi lokið vorið 1999 með því að Baugur hf. hafi keypt 70% hlutfjár í tilteknu hlutafélagi fyrir tiltekið verð.

Ákærði er sakaður um að hafa “beitt stjórn Baugs hf. blekkingum í auðgunar skyni með því að leyna því að hann væri raunverulegur seljandi hlutafjárins ásamt Fjárfari ehf. og umráðamaður og stjórnandi Fjárfars ehf. Jafnframt með því að vekja hjá stjórn Baugs hf. þá hugmynd að seljandi hlutafjárins ásamt Fjárfari ehf. væri Helga Gísladóttir en ákærði hafði keypt allt hlutfé Vöruveltunnar hf., kt. 511091-1369, af Helgu 7. október 1998 fyrir kr. 1.150.000.000 og var enn eigandi 25% hlutafjárins en Fjárfar ehf. eigandi 45,2% þess”, eins og segir í ákærinni. Og síðar segir: “Með þessum blekkingum fékk ákærði samþykki stjórnar félagsins, á stjórnarfundum 20. maí 1999, til að ganga frá kaupum á hlutfénu á verði sem hann taldi stjórninni trú um að væri niðurstaða samninga við ótengda seljendur en var í raun ákvarðað af honum einum.” Þá segir síðar að Baugur hf. hafi goldið 325 milljónum króna hærra verð fyrir hlutféð en það sem ákærði hafði greitt fyrir það og teljist það tjón Baugs hf. Ákærði, og aðilar tengdir honum, hafi hins vegar ekki auðgast nema um að minnsta kosti 200 milljónir króna þar eð þeir hafi haft kostnað af viðskiptunum eins og rakið var.

Í 116. gr. laga um meðferð opinberra mála kemur fram hvað greina skuli í ákæru, en samkvæmt c – lið er það hvert brotið er sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærsla þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta. Til að ákæra geti uppfyllt þessi skilyrði laganna verður verknaðarlýsing hennar að vera þannig úr garði gerð að hvorki ákærði né dómari þurfi að vera í vafa um hvaða refsiverð háttsemi ákærða er gefin að sök. Verður að vera hægt að ráða þetta af ákærunni einni saman og skiptir engu hvaða ályktanir megi draga af rannsóknargögnum eða hvað ákærða kann að vera ljóst vegna rannsóknar málsins. Með ákærunni á þannig að leggja fullnægjandi grundvöll að málinu svo hægt sé að fella dóm á það samkvæmt því sem í ákærunni er tilgreint, enda verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir, sbr. 117. gr. laganna.

Í 1. lið ákæru er aðallega lýst viðskiptum með hlutafé sem ákærði á að hafa keypt og síðan selt Baugi hf., allmörgum mánuðum síðar, án þess að láta þess getið að hann væri seljandinn. Baugur hf. á að hafa greitt hærra verð fyrir hlutaféð en ákærði greiddi. Mismunurinn sé tap Baugs hf. en verulegur hluti hans sé hagnaður ákærða og tilgreindra einkahlutafélaga, eins og lýst var. Því er ekki lýst í ákæruliðnum að ákærði hafi haft fé af Baugi hf., heldur verður helst ráðið af honum að verið sé að lýsa því að Baugur hf. kynni að hafa getað, eða hafi átt að geta, gert betri kaup ef ákærði hefði unnið að viðskiptunum á annan veg. Verknaðarlýsing ákæru er samkvæmt þessu ekki lýsing á fjársvikum heldur viðskiptum sem vera kann að hafi verið óhagstæð fyrir Baug hf. en hugsanlega hagstæð fyrir ákærða og aðra. Ákæran er því að þessu leyti ekki í samræmi við framangreint ákvæði c – liðar 116. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Til vara eru ákærða gefin að sök umboðssvik með því að hafa með framan greindri háttsemi misnotað aðstöðu sína sem forstjóri Baugs hf. og komið því til leiðar að stjórn félagsins veitti honum umboð til að binda það við kaup á mestum hluta hlutafjár í tilteknu fyrirtæki en með þessari misnotkun á aðstöðu hafi ákærði og tiltekin einkahlutafélög auðgast eins og lýst var.

Samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga er það refsivert ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína. Samkvæmt 243. gr. sömu laga verður þó aðeins refsað fyrir þessi brot að þau hafi verið framin í auðgunarskyni. Hér fyrr var komist að þeirri niðurstöðu að í ákærunni væri ekki lýst auðgunarbroti heldur viðskiptum sem kunni að hafa verið óhagstæð fyrir Baug hf. en hagstæð ákærða. Ákæran er því að þessu leyti heldur ekki í samræmi við framangreint ákvæði c – liðar 116. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Í ákærunni er á tveimur og hálfri blaðsíðu gerð grein fyrir aðdraganda þeirra brota sem ákærða eru gefin að sök. Skrifleg greinargerð af þessu tagi á ekki heima í ákæruskjali, enda er tæmandi talið í 116. gr. laga um meðferð opinberra mála það sem koma á fram í ákæru. Breytir hér engu þótt svona framsetning sé ekki lengur bönnuð í lögnum, sbr. áður 3. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt framansögðu er I. kafli ákærunnar ekki í samræmi við það sem áskilið er í 116. gr. laga um meðferð opinberra mála og er óhjákvæmilegt að vísa

honum frá dómi, en með því að eftir standa ákæruliðir á hendur öllum ákærðu verður ekki kveðið á um málsvarnarlaun í þessum úrskurði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð

I. kafla ákærunnar er vísað frá dómi.

Arngrímur Ísberg

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 30. júní 2006